



FRISBÍGOLFFÉLAG  
REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 24. september 2018

ÍTR  
Ómar Einarsson  
Íþróttta- og tómstundasvið  
Borgartún 12-14

Frisbígolffélag Reykjavíkur

**Erindi: Ósk um vidræður vegna aðstöðu félagsins og framtíðaruppbyggingu starfsemi þess í Leirdal/Þorláksgaia.**

Fyrir hönd Frisbígolffélags Reykjavíkur (FGR) óska ég eftir vidræðum við ÍTR og eftir atvikum USK um möguleika félagsins til framtíðaruppbyggingar í Leirdal. Vidræðurnar myndu snúa að:

- a)** íþróttasvæðið í Leirdal yrði að hluta til skilgreint sem heimavöllur FGR,
- b)** möguleikum á uppbyggingu félagsaðstöðu í tengslum við Þorláksgaia 51 eða í nágrenni við hann og
- c)** gerð samnings FGR og borgarinnar vegna starfsemi og þjónustuframboðs FGR við íbúa í hverfinu sérstaklega og efri byggðum borgarinnar almennt.

Frisbígolf er ung íþróttagrein í afar hröðum vexti. Í borginni eru nú sjö frisbígolfvöllir og áætlað er að nálægt 20 þúsund manns stundi frisbígolf sér til á nægju og heilsubótar allan ársins hring. Þörfin á skipulögðu starfi í íþróttinni hefur aukist í takt við stóraukinn áhuga, einkum þegar kemur að yngri aldurshópunum. Reynslan sýnir að frisbígolf höfðar til breids hóps og ekki hvað síst þeirra sem ekki finna sig í hefðbundnari íþróttagreinum. Skipulegt og skapandi starf með þessum hópi getur aukid bæði lífsfyllingu og gert hreyfingu og útiveru að mikilvægum hluta lífstílsins.

FGR hefur stigid stór skref í mótun skipulegs starfs og reglulegra æfinga í íþróttinni. Fast adsetur, uppbygging aðstöðu og stuðningur borgaryfirvalda myndi renna mikilvægum stöðum undir starf og vöxt félagsins sem hingað til hefur reitt sig á sjálfbodaliðastörf að miklu eða öllu leyti. Til skamms tíma myndu endurbætur á húsnæðinu að Þorláksgaia 51, sem félagid deilir með fleiri aðilum, skipta sköpum, sérstaklega hvað varðar geymslurými fyrir búnað. Þótt félagid þjóni öllum borgarbúum er aðstæða við frisbígolfvöllinn kring um Leirdal afar heppileg og þar eru kjöradstæður til íðkunar og æfinga. Samstarf við íbúa og aðra aðila sem deila þar með okkur aðstöðunni og svæðinu, einkum Skokkhóp Fram sem vinnur öflugt og mikilvægt heilsubótarstarf fyrir íbúa hverfisins, hefur verið afar ánægjulegt og aukid sameiginlegan kraft okkar sem viljum styrkja möguleika til útivistar og hreyfingar á þessum fallega stað.

f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur

Ólafur Haraldsson, formaður